

**Nd. 497. Frumvarp til laga [191. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1953.

Frá menntamálanefnd.

**1. gr.**

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1953 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi grg. frá menntamálaráðherra:

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um skemmtanaskatt. En þar sem eigi er útlit fyrir, að það nái fram að ganga fyrir áramót, er nauðsynlegt að veita ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta skemmtanaskatt með sama álagi árið 1953 og að undanfögnu.